

**135** **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veiting einkaleyfis.** —  
28. okt. Eptir allra þegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins hefur hans hátígn konung-  
inum hinn 24. dag þ. m. allra mildilegast þóknazt að veita Peter Möller í Kristiania  
allrahæst framhaldseinkaleyfi, þar sem einkaleyfi það, er honum hinn 12. sept. þ.  
á. var veitt um 5 ára tímabil til þess að gjöra meðalalýsi á þann hátt, er hann  
hefur tiltekið, allstaðar í Danaríki nema á Íslandi, Færeyjum og í nýlendunum,  
er rýmkað svo, að leyfið gildi einnig fyrir Ísland.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til  
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

**136** **Útdráttur úr brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sveitakennara-**  
18. nóv. **styrk.** — Fyrirspurn frá sóknarnefndinni í Húsavíkursókn svarað á þá leið, að  
styrkurinn til sveitakennara væri samkvæmt orðum fjárlaganna ekki veittur  
þeim, er sveitakennara nota, til afdráttar í launum sveitakennaranna, heldur  
sveitakennurunum sjálfum, eptir nemendafjölda og kennslutímalengd, án alls  
tillits til launa þeirra, er þeir fá fyrir starfa sinn af þeim, er ráða þá til  
kennslunnar.

### Reikningur

**137** fyrir styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1891  
til 31. ágúst 1892.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar 1. september 1891 (sjá Stj.tíð. 1891 B, 179. bls.):		
a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . . . . .	kr. 8600,00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . .	— 553,23	kr. 9153,23
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:		
a. Af innritunarskírteini til $11/6$ '92 á $3\frac{1}{2}\%$ . . . . .	— 301,00	
b. — innstæðu í landsbankanum . . . . .	— 23,66	— 324,66
		kr. 9477,89

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Guðmundi Guðmundssyni á Auðnum . . . . .	kr. 140,00	
b. Jóni Guðmundssyni á Efri-Brú . . . . .	— 140,00	kr. 280,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1892:		
a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 84 . . . . .	— 8600,00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . . . . .	— 597,89	— 9197,89
		kr. 9477,89

Reykjavík 1. október 1892.  
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

*Magnús Stephensen.*